

AUGLÝSING

um skipulag í Ljósavatnshreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins hefur ráðuneytið samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964 ákveðið, að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964 skuli ná til Ljósavatnshrepps, Suður-Þingeyjarsýslu, að undanskildum nauðsynlegum byggingum vegna búrekstrar á lögbýlum.

Félagsmálaráðuneytið, 13. september 1974.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

Nr. 283.

17. september 1974.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir minningarsjóð Lizziar og Páls á Halldórsstöðum í Laxárdal, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 17. september 1974.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð Lizziar og Páls á Halldórsstöðum í Laxárdal.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Lizziar og Páls á Halldórsstöðum og er stofnaður af William Fr. Pálssyni, til minningar um foreldra hans frú Lizzi og Pál Þórarinsson, sem bjuggu á Halldórsstöðum í Laxárdal frá árinu 1894 til 1948.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins eru kr. 250 000,00 — tvöhundruð og fimmtíuþúsund krónur — og skal það ávaxtast í ríkistrygðum banka. Auka má sjóðinn með gjöfum eða annarri fjáröflunarstarfsemi.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að viðhalda og efla byggð í Laxárdal, styrkja starfsemi Kvenfélags Laxdæla og efla samtök kvenna í dalnum.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins má aldrei skerða, en árlegum vaxtatekjum hans má verja samkvæmt framanskráðu og sér stjórn sjóðsins um úthlutun úr honum.

5. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörslu Kvenfélags Laxdæla og lögleg stjórn þess félags á hverjum tíma, skal vera stjórn sjóðsins og skal hún sjá um reikningshald hans.

Ef kvenfélagið hættir störfum kýs hreppsnefnd Reykdælahrepps þrjár konur, búsettar í Laxárdal, í stjórn sjóðsins og skulu þær kosnar til tveggja ára í senn.